

Fimmtudaginn 15. desember 1994.

Nr. 374/1994.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Magnúsi Kristni Sigurðssyni

(Jónatan Sveinsson hrl.)

Fiskveiðibrot. Upptaka. Ákæra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediksdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni, og hefur því af hálfu ákærvalds verið skotið til Hæstaréttar með stefnu 28. júní 1994. Við meðferð málsins krafðist ákærvaldið staðfestingar hins áfrýjaða dóms svo og þess, að ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað. Af hálfu ákærða er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum ákærvalds, en til vara, að refsing ákærða verði felld niður eða lækkuð og hann sýknaður af kröfu um upptöku afla og veiðarfæra.

I.

Gæsluflugvél Landhelgisgæslunnar, TF-SYN, stóð ákærða, Magnús Kristin Sigurðsson, skipstjóra á m/b Gandí, VE 171, að dragnótaveiðum 27. maí 1994 á svæði innan fiskveiðilandhelginnar við Ingólfshöfða, en þar höfðu allar togveiðar og dragnótaveiðar verið bannaðar frá og með 21. sama mánaðar með reglugerð nr. 264/1994 um bann við togveiðum og dragnótaveiðum við Ingólfshöfða og Hrollaugseyjar, sem sjávarútvegsráðuneytið gaf út daginn áður og birt var samdægurs í B-deild Stjórnartíðinda. Hefur ákærði játað að hafa verið að veiðunum, en kvað sér hins vegar hafa verið ókunnugt um reglugerðina fyrr en eftir, að hann var stöðvaður við veiðarnar. Er háttsemi hans rétt lýst í ákæru.

II.

Reglugerð nr. 264/1994 var sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81/1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, án þess að vísað væri í

tiltekin ákvæði laganna. Í ákæru er brot ákærða talið varða við 1. og 2. gr. reglugerðarinnar, sbr. 5. gr. þessara laga, sbr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 299/1975, lög nr. 44/1948 og lög nr. 45/1974.

Með 5. gr. laganna um veiðar í fiskveiðilandhelgi er ráðherra heimilað að skipta veiðisvæðum milli veiðarfæra og takmarka þannig veiðiheimildir með því að banna notkun ákveðinna gerða veiðarfæra á tilteknum veiðisvæðum í takmarkaðan tíma. Eftir orðanna hljóðan heimilar ákvæðið þó einvörðungu takmarkanir þeirra veiðiheimilda, sem veittar eru með lögnum sjálfum, en það eru nú heimildir til veiða með botnvörpu og flotvörpu á tilteknum svæðum innan fiskveiðilandhelginnar, sem kveðið er á um í 3. gr. laganna. Heimilda til veiða með öðrum veiðarfærum en botnvörpu og flotvörpu er ekki getið í 3. gr. eða öðrum ákvæðum laganna, eftir að þeim var breytt með 22. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða. Með þeirri lagabreytingu voru felld brott þau ákvæði um dragnótaveiðar, sem voru í 2. mgr. 2. gr. og 13. gr. laga nr. 81/1976, en þar áður voru samsvarandi ákvæði í lögum nr. 102/1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

Í 4. gr. laga nr. 38/1990 er sett regla um, að allar veiðar í atvinnuskyni við Ísland séu háðar almennu veiðileyfi, sem gefið sé út árlega. Ráðherra er veitt allvíðtækt vald í 2. mgr. ákvæðisins til að ákveða, að vissar veiðiheimildir verði háðar sérstöku veiðileyfi, þar á meðal veiðar í tiltekin veiðarfæri. Á grundvelli þessa ákvæðis hefur ráðherra sett reglugerð um dragnótaveiðar nr. 326/1992, sem enn er í gildi. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. hennar eru allar veiðar í dragnót óheimilar án sérstaks leyfis Fiskistofu, en slík leyfi er unnt að binda ýmsum skilyrðum, meðal annars því að takmarka veiðarnar við ákveðin svæði og taka mið af stærð skipa. Í 5. gr. reglugerðarinnar er vísað um viðurlög til 19. gr. og 2. mgr. 20. gr. laga nr. 38/1990.

Fiskiskipið Gandí, VE 171, fékk leyfi Fiskistofu til dragnótaveiða innan fiskveiðilandhelginnar 6. apríl 1994, sem gildi til 31. ágúst sl. Um veiðiheimildir skipsins segir meðal annars í leyfisbréfinu, að því sé „heimilað að stunda dragnótaveiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands í samræmi við togveiðiheimildir skipsins skv. lögum nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með áorðnum breyt-

ingum“. Þá er í leyfinu áskilinn réttur til fyrirvaralausrar breytingar á veiðisvæðum.

III.

Af því, sem rakið hefur verið, er ljóst, að eftir setningu laga nr. 38/1990 og reglugerðar um dragnótaveiðar nr. 326/1992 byggjast heimildir til dragnótaveiða innan fiskveiðilandhelginnar ekki lengur á lögum nr. 81/1976, en samkvæmt 5. gr. þeirra laga er vald ráðherra til að kveða á um takmarkanir á veiðiheimildum, sem þar er fyrir mælt, háð því, að heimildirnar séu veittar með þeim lögum, svo sem fyrr er rakið. Ákærði hefur samkvæmt framansögðu ekki brotið gegn 5. gr. laga þessara, svo sem honum er gefið að sök í ákæru, og verður honum því ekki refsað fyrir brot gegn þessu ákvæði.

Í 6. gr. laga nr. 81/1976 eru hins vegar fyrimæli þess efnis, að sjávarútvegsráðuneytið skuli gera nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að sporna við smáfiskadrápi á tilteknum veiðisvæðum, þar sem seiða- og smáfiskadráp á sér stað í þeim mæli, að varhugavert eða hættulegt geti talist. Í þessu skyni er ráðuneytinu heimilt að tilkynna bann við öllum togveiðum, svo og öðrum veiðum, á þessum veiðisvæðum.

Ákærði var að dragnótaveiðum á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, þar sem allar togveiðar og dragnótaveiðar höfðu verið bannaðar, svo sem lýst er í ákæru. Varðar sú háttsemi hans við 6. gr. laga nr. 81/1976, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 264/1994. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti var málið reifað meðal annars með hliðsjón af 6. gr. laga nr. 81/1976, og hefur vörn ákærða því ekki verið áfátt, að því er það ákvæði varðar, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Verður ákærða gerð refsing samkvæmt 1. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 81/1976. Pykir refsing hans hæfilega ákveðin 300.000 króna sekt, og er þá litið til gengis gullkrónu við flutning málsins fyrir Hæstarétti. Sektin skal renna til Landhelgissjóðs Íslands, sbr. 21. gr. laganna, og komi 45 daga varðhald í stað hennar, greiðist hún ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá ber með vísan til 3. mgr. 17. gr., sbr. 21. gr. laganna, að staðfesta ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra svo og ákvæði hans um sakarkostnað.

Loks er ákærði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og greinir í dómsorði.

Hjörtur Torfason gerir þá athugasemd, að hann taki ekki afstöðu til efnis 5. gr. laga nr. 81/1976, en telji reglugerð nr. 264/1994 eiga stöð sína í 6. gr. laganna, þannig að brot ákærða varði við hana, svo sem fyrr er rakið.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Magnús Kristinn Sigurðsson, greiði 300.000 króna sekt til Landhelgisjódís Íslands, og komi 45 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Afli og veiðarfæri m/b Gandí, VE 171, þar með taldir dragstrengir, skulu vera upptæk til Landhelgisjódís Íslands.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jónatans Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 30. maí 1994.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag í samræmi við 125. gr. laga nr. 19/1991 um játningardóm, er höfðað hér fyrir héraðsdóminum með svohljóðandi ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 28. maí 1994: „Á hendur Magnúsi Kristni Sigurðssyni, Bessahrauni 8, Vestmannaeyjum, skipstjóra á vélskipinu Ganda (sic), VE 171, skipaskrárnúmer 0084, fyrir fiskveiðibrot með því að hafa laust eftir hádegi föstudaginn 25. maí 1994 (sic) verið á dragnótaveiðum á skipinu, sem er 204 brúttórúmllestir og 36,86 lengdarmetrar, við Ingólfshöfða, á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, þar sem allar togveiðar og dragnótaveiðar höfðu verið bannaðar frá og með 21. maí 1994.

Brot ákærða telst varða við 1., sbr. 2. gr. reglugerðar um bann við togveiðum og dragnótaveiðum við Ingólfshöfða og Hrollaugseyjar nr. 264 20. maí 1994, sbr. 5. gr. laga um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 81/1976, sbr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 299/1975, lög nr. 44/1948 og lög nr. 45/1974.

Þess er krafist, að ákærði verið dæmdur til refsingar samkvæmt 1. tl. 1.

mgr., sbr. 2. mgr. 17. gr. og 21. gr. laga nr. 81/1976 og samkvæmt 3. mgr. 17. gr. sömu laga, til þess að sæta upptöku á veiðarfærum, þar með töldum dragstrengjum, svo og öllum afla innan borðs“.

Við þingfestingu málsins leiðrétti ákærandi tvær ritvillur í ákæru, þar sem nafn skipsins hefði misritast, en það væri Gandí, en ekki Ganda. Þá var einnig leiðrétt misritun, er snerti dag þann, sem brot ákærða var framið, en það ætti að vera föstudaginn 27. maí 1994, en ekki föstudaginn 25. maí 1994, eins og stæði í ákæru, enda væri síðarnefndi dagurinn alls ekki til í dagatalinu. Leiðréttingar þessar sættu ekki andmælum af hálfu ákærða, og er unnt að taka þær til greina og dæma málið samkvæmt fyrirbyggjandi ákæru með áorðnum leiðréttingum, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991.

Með háttsemi þeirri, sem í ákæruskjali greinir og þar er rétt lýst og réttlæga heimfærð undir 1. gr. reglugerðar nr. 264 frá 20. maí 1994, sem bannar dragnótaveiðar á þar tilgreindu svæði við Ingólfshöfða frá og með 21. maí 1994, sbr. 5. gr. laga nr. 81/1976 um fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 299/1975, sbr. einnig lög nr. 44/1948 og lög nr. 45/1974, hefur ákærði unnið sér til refsingar. Ákærði, sem er sakhæfur, er fæddur 24. júlí 1957 og hefur samkvæmt vottorði frá Sakaskrá ríkisins að undanskildum tveimur smávægilegum sektarrefsingum frá árinu 1973 ekki áður sætt refsingu.

Í samræmi við 2. gr. reglugerðar nr. 264/1994, sbr. 1. tl. 1. mgr. 17. gr. laga nr. 81/1976 um fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. einnig 21. gr. sömu laga nr. 81/1976, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 455.000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og hefur þá verið litið til þess, að samkvæmt vottorði frá Seðlabanka Íslands var gullgildi þannig 26. maí 1994, að 100 gullkrónur jafngiltu 4.542,40 seðlabankakrónum. Ef ákærði greiðir ekki dæmda sektarrefsingu innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, skal hann sæta varðhaldi í 3 mánuði.

Að kröfu ákæruvalds og með vísan til 2. mgr. 17. gr., sbr. 21. gr. laga nr. 81/1976, skal afli og veiðarfæri ms. Gandí, VE 171, gerð upptæk í Landhelgissjóð Íslands, en samkvæmt fyrirbyggjandi mati dómkvaddra matsmanna nemur andvirði afla og veiðarfæra samtals 1.938.290 krónum.

Í samræmi við 165. gr. laga nr. 19/1991 ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, sem nemur 20.000 krónum.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari dæmir mál þetta.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Magnús Kristinn Sigurðsson, greiði 455.000 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í þrjá mánuði.

Allur afli og veiðarfæri ms. Gandí, VE 171, í framangreindri veiðiferð skal gerður upptækur í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði sakarkostnað máls þessa, 20.000 krónur.
